

Fimmtudaginn 24. janúar 1991.

Nr. 260/1989. **Frum h/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Jóni Baldvinssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1989.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er m.a. verulegur ágreiningur um, hvernig reikna eigi hlutdeild stefnda í hagnaði áfrýjanda á tilteknu tímabili og um reikningsskil og „viðtekna reikningsskilavenjur“ í því sambandi. Var því brýnt, að héraðsdómur væri skipaður sérfróðum meðdómendum á því sviði, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem málið hefur ekki sætt þeirri meðferð, sem lýst hefur verið, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum málflutningi, sem fram fór í þinghaldi 4. apríl 1989, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi, sem fram fór í þinghaldi 4. apríl 1989, eiga

að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni Baldvinssyni, nnr. 5110-9120, Furuvöllum, Mosfellsbæ, með stefnu, birtri 19. október 1987, á hendur Frum hf., nnr. 2506-0504, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 394.292 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum, svo og málskostnað].

Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómara og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Frum hf., Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Baldvinssyni, Furuvöllum, Mosfellsbæ, kr. 316.870 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 88.500 í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.